



Um Fræðslusetrið Starfsmennt og Járn síðu- skóla fyrir starfsfólk sýslumannsembætta

Fræðslusetrið Starfsmennt býður ríkisstarfsmönnum upp á starfstengda símenntun og veitir stofnunum heildstæða þjónustu á sviði starfspróunar.

Setrið er samstarfsvettvangur fjármálaráðuneytisins og stéttarfélaga innan BSRB sem telja farsælast að vinna saman að starfsmenntun og þjálfun starfsfólks.

Starfsemin er fjármögnuð með kjarasamningnum aðilanna frá 2001.

Setrið byggir á þeirri hugmyndafræði að æskilegt sé að viðhalda og auka þekkingu starfsmanna og möguleika stofnana til takast á við breytt starfsumhverfi.

Starfsmennt býður upp á sérsniðna þjónustu náms og ráðgjafar þar sem saman fer hagur starfsmanna og stofnana. Áhersla er lögð á virkt samstarf til að tryggja gæði og góða þátttöku.

Starfsmennt starfar á landsvísu og byggir starf sitt á öfluggu vefkerfi og víðtæku tengslaneti sérfræðinga, skóla, stofnana og símenntunarmiðstöðva.

Starfsmennt leggur áherslu á samstarf við önnur stéttarfélög og hagsmunaaðila til að koma á starfstengdu námi sem starfsfólk getur sótt án verulegs kostnaðar.

Járn síða er skóli fyrir starfsmenn sýslumannsembætta sem miðar að því að auka hæfni, skilvirkni og starfsánægju starfsmanna og samstarf embættanna í fræðslumálum.

Járn síða hefur verið í þróun frá 2003 og hefur samstarf sýslumanna, starfsfólks, stjórnenda, stéttarfélaga og Starfsmenntar verið öflugt og farsælt.

Vinnulag innan Járn síðu hefur verið fyrirmynd að símenntun annarra ríkisstarfsmanna sem Starfsmennt þjónar. Það á við um uppsetningu námsins, hlutverk stýrihóps við að aðlaga námsskrá að raunverulegum fræðsluþörfum, einstaklingsbundið val innan námsleiðarinnar, rafrænt utanumhald og efling embættanna sem lærdómsstofnana.